

Alþingi
Erindi nr. P 138/1891
komudagur 4.5.2010



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 30. apríl 2010
RH/SLB/021/2010

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar og lögum um húsaleigubætur, 554 mál.

Vísað er til tölvubréf dags. 23. apríl 2010 þar sem óskað er eftir umsögn Tryggingastofnunar ríkisins um ofangreint lagafrumvarp.

Tryggingastofnun vill koma því á framfæri að greiðsla húsaleigubóta eins og gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi hefur ekki áhrif á bætur samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 100/2007 eða lögum um félagslega aðstoð nr. 99/2007.

Athygli er hins vegar vakin á að hærri greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði, til einstaklinga sem njóta lífeyrisgreiðslna frá Tryggingastofnun, hafa áhrif á rétt þeirra til bóta almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar. Er rétt að benda sérstaklega á að í 6. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir afturvirkum greiðslum úr Atvinnuleysistryggingasjóði, sem geta haft áhrif á bætur frá Tryggingastofnun sem þegar er búið að greiða út.

Virðingarfyllt,


Sigríður Lilly Baldursdóttir
forstjóri